

Nd. **797. Frumvarp til laga** [275. mál]

um breyting á lögum nr. 94 29. desember 1962, um almannavarnir, sbr. lög nr. 30 29. apríl 1967 og lög nr. 55 30. maí 1979.

(Eftir 2. umr. í Nd., 24. apríl.)

Samhljóða þskj. 453 með þessari breytingu:

1. gr. hljóðar svo:

4. gr. laganna orðist svo:

Almannavarnir heyra undir dómsmálaráðherra, sbr. þó 5. gr. og VI. kafla.

Almannavarnaráð, sem dómsmálaráðherra skipar, stýrir starfsemi almannavarna og er til ráðuneytis um framkvæmd laga þessara. Í ráðinu eiga sæti forstjóri landhelgisgæslunnar, landlæknir, lögreglustjórinn í Reykjavík, póst- og símamálastjóri, vegamálastjóri og einn fulltrúi tilnefndur af Landssambandi flugbjörgunarsveita, Slysavarnafélagi Íslands og Landssambandi hjálparsveita skáta er skipti með sér setu í ráðinu eitt ár í senn. Ráðherra skipar einn þeirra formann ráðsins til þriggja ára í senn. Ráðherra getur sett almannavarnaráði starfsreglur með reglugerð.